



## Deiliskipulag fyrir áningarstaði ferðamanna í Skaftárhreppi Fagrifoss, Fjaðrárgljúfur, Eldhraun og Dverghamrar



**GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI**  
dags. 22. 12. 2012

---



LANDMÓTUN.

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300  
Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og

í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
1.1 Almennt .....	4
1.2 Forsendur úr gildandi aðalskipulagi og Náttúruinjasrá .....	4
1.3 Minjar .....	4
1.4 Staðhættir .....	5
1.5. Skipulagsgögn og kortagrunnar .....	7
2. SKILMÁLAR.....	7
2.1 Almennt um svæðin.....	7
2.2 Salerni .....	7
2.3 Gönguleiðir .....	8
2.4 Útsýnispallar og búnaður .....	9
3.0 Auglýsing og afgreiðsla .....	10
3.1 Auglýsingatími .....	10
3.2 Athugasemdir og afgreiðsla þeirra eftir auglýsingu .....	10
4. Umhverfisáhrif.....	10
5. Heimildaskrá .....	11

# 1. INNGANGUR

---

## 1.1 Almennt

Deiliskipulagið er unnið fyrir Skaftárhrepp og í samstarfi við framkvæmdahóp um uppbyggingu á ferðamannastöðum og verndun á náttúruperlum Skaftárhrepps. Í hópnum eru fulltrúar frá; Friði og frumkröftum, Vatnajökulspjóðgarði, Kirkjubæjarstofu, Kötlu – jarðvangi, Ferðamálafélagi Skaftárhrepps og umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps

Skipulagsforsendur deiliskipulagsins eru í samræmi við Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 sem var staðfest af umhverfisráðherra 21. nóvember 2011.

Á undanförunum árum hefur ferðapjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Skaftárhreppi. Árið 2008 var Vatnajökulspjóðgarður stofnaður en hluti vestursvæði þjóðgarðsins er innan Skaftárhrepps. Í framhaldi af endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022 var tekin ákvörðun um stækkun þjóðgarðsins innan Skaftárhrepps.

Deiliskipulagið tekur til fjögurra vinsælla áningarstaða/ferðamannastaða sem eru; Fagrifoss, Fjaðrárgljúfur, Eldhraun og Dverghamrar.

Tilgangur deiliskipulagsins er að vinna að markvissri uppbyggingu á ferðamannastöðum og verndun á náttúruperlum Skaftárhrepps. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum skv. viðauka 2 í lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 106/2000. Deiliskipulagið gerir einungis ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, salernisaðstöðu, útsýnisstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk.

## 1.2 Forsendur úr gildandi aðalskipulagi og Náttúruminjasrá

Deiliskipulagið er samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps og allar meginforsendur þeirrar aðstöðu sem deiliskipulagið gerir grein fyrir liggja fyrir í aðalskipulagi því er ekki þörf fyrir lýsingu.

Samkvæmt aðalskipulagi þá er Fjaðrárgljúfur og Dverghamrar innan landbúnaðarsvæðis þar sem segir „Aðstaða fyrir ferðapjónustu og léttan iðnað sem er lítil hluti af umfangi og starfsemi viðkomandi landbúnaðarsvæðis er ekki skilgreind sérstaklega“. Áningarstaður við Eldhraun er innan helgunarsvæðis stofnvegar. Fagrifoss er á óbyggðu svæði ofan 200 m y.s. þar sem segir í aðalskipulagi „Þó er leyfilegt að koma upp salernisaðstöðu við upplýsingatorg og við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna.

Tvö þessara svæða eru á Náttúruminjasrka þ.e. Fjaðrárgljúfur og Dverghamar. Um Fjaðrárgljúfur segir: “ 703. Fjaðrárgljúfur, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur í móbergi“. Dverghamrar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987 í stjórnartíðindum B, 446/1987 en stærð svæðisins er 2,14 ha. Áningarstaðurinn í Eldhrauni er innan veghelgunarsvæðis stofnvegar en vegurinn liggur í gegnum Skaftáreldahraun sem er skv. sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr lögum um náttúruvernd nr.44/1999.

## 1.3 Minjar

Ekki liggur fyrir heildarskáning fornminja í Skaftárhreppi heldur hefur verið unnin fornleifaskráning á afmörkuðum svæðum í tengslum við framkvæmdir eða rannsóknarverkefni.

Í aðalskipulagi er vísað til þess að á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða. Haft verður samráð við Minjavörð Suðurlands um fornleifaskráningu þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á deiliskipulagssvæðunum.

#### 1.4 Staðhættir

**Fagrifoss** í Geirlandsá er vinsæll áningarstaður ferðamanna á leiðinni inn í Laka. Frá Lakavegi, F206 er afleggjarinn að honum rúmur 150 m. Útísalerni hefur verið reist á flötum mel vestan aðkomuvegar þar sem það er í hvarfi frá útsýnisstað við Fagrafoss. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði ofan 200 m y.s. en í markmiði aðalskipulagsins segir að stefnt verði að því að skipuleggja umferð á opnum svæðum m.t.t. álagsþols jarðvegs og gróðurs. Jafnframt verði unnið að skráningu náttúruvætta og menningarminja og merkingu gönguleiða.



**Fagrifoss.** Myndirnar sýna bjargbrúnina þar sem setja þarf varnargirðingu og núv. gönguleið að útsýnisstöðum.

**Fjaðrárgljúfur** eru á náttúruminjasrá þar sem segir: “ 703. Fjaðrárgljúfur, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur í móbergi“.

Á heimasíðu Skaftárhrepps segir; “Fjaðrárgljúfur er mikilfengleg náttúrusmíð sem sennilega hefur orðið til á síðjökulstíma fyrir u.þ.b nú þúsund árum. Gljúfrið er skammt vestan Kirkjubæjarklausturs við Lakaveg/Holtsveg. Fjaðrá fellur þar fram af heiðarbrúninni í tiltölulega breiðu og fallegu móbergsgljúfri sem er vel þess virði að gefa nánari gaum. Einfaldast er að aka að gljúfrinu eftir Lakavegi/Holtsvegi og ganga síðan upp með því til að skoða móbergsmýndanir og höggmyndir náttúrunnar betur. Það er einnig hægt að ganga upp eftir gljúfrinu sjálfu, en þá má búast við að talsvert þurfi að vaða”.



**Fjaðrárgljúfur.** Myndirnar sýna útsýnisstaði við gljúfrið sem eru bæði slitnir og hættulegir.

**Áningarstaður við Eldhraun** var byggður af Vegagerðarinni. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps er svæðið innan veghelgunarsvæðis stofnvegjar (þjóðvegjar 1). Bílastæðin eru of fá miðað við notkun og ekki með skýra afmörkun frá þjóðveginum. Möguleiki er á stækkun bílastæðisins til vesturs. Frá bílastæðunum hefur myndast troðningur þar sem gengið er upp á aðliggjandi útsýnishæð.



**Eldhraun.** Myndirnar sýna gönguleið sem farið er eftir að útsýnisstað þar sem víðsýnt er yfir Eldhraunið.

**Dverghamrar** voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987 í stjórnartíðindum B, 446/1987 en stærð svæðisins er 2,14 ha.. Sérkennilegir og fagurformaðir stuðlabergshamrar. Ofaná stuðlunum er víða svokallað kubbaberg. Þegar sjávarborð lá hærra við ísaldarlok hefur hafaldan sett mark sitt á lögum hamrana. Stærð náttúruvættisins er 2,14 ha.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

*“1. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur úliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar].*

*2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og er það vinsamlegast beðið að ganga vel um og fylgja merktri gönguleið.*

*3. Hvers konar losum jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu”.*



**Dverghamrar.** Myndirnar sýna bratta gönguleið sem þarf að loka og gönguleið milli hamrana. sem þarf að styrkja.

## 1.5. Skipulagsgögn og kortagrunnar

Skipulagið er unnið á loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf og kortagrunn aðalskipulags Skaftárhrepps frá Landmælingum Íslands.

## 2. SKILMÁLAR

---

### 2.1 Almennt um svæðin

**Fagrifoss** Sprunga liggur þvert yfir klettabrúnina þar sem komið er að fossinum og er mikilvægt að takmarka aðkomu fram á brúnina af öryggisástæðum. Gert er ráð fyrir útsýnispöllum á tveimur stöðum. Vinsælsustu útsýnisstaðirnir eru austan við gljúfrið þar sem farið í gegnum hlið á fjárgirðingu sem liggur frá klettabrúninni til austurs. Fyrri staðurinn er mjög aðgengilegur og með útsýni þar sem fossinn er sýnilegur í heild. Þar er auðvelda að koma fyrir minni útsýnispalli. Sá síðari er mikið notaður og hefur það umfram þann fyrri að þar sést niður eftir ánni þar sem m.a. sjást berggangar sem þvera gilið meðfram Geirlandsá. Loka þarf hættulegum leiðum að gljúfurbarminum með varnargirðingum

Bílastæði við aðkomu eru samtals 8.

**Fjaðrárgljúfur.** Deiliskipulagið markast af Fjaðrá að vestanverðu, 100-200 m meðfram því að austanverðu og tenging eftir núverandi aðkomu við Lakaveg. Gera þarf ráð fyrir a.m.k. fjórum útsýnispöllum og setja upp aðvörunarskilti og varnargirðingar að þeim stöðum sem eru hættulegastir. Ekki verður gert ráð fyrir gönguleið niður við ána. Allar framkvæmdir verði austan við gljúfrið.

Salerni verði við aðkomu að sunnanverðu með 16 bílastæðum og þremur rúrustæðum með snúningshaus. Bílastæði við aðkomu við Lakaveg eru samtals 16 og 2 rúrustæði.

**Áningarstaður við Eldhraun.** Lögð verður gönguleið með timburpöllum suður fyrir svæðið þar sem er gott útsýni yfir Eldhraunið. Þar verði útsýnispallur með upplýsingaskiltum. Öðrum slóðum verður lokað með varnargirðingu til að koma í veg fyrir traðk á viðkvæmum mosasvæðum utan við stíginn. Salerni verður staðsett sunnan við bílastæðin. Bílastæði verða samtals 10 og tvö rúrustæði.

**Dverghamrar.** Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að leggja áherslu á uppbyggingu á einni hringleið og loka fyrir núverandi slóða sem liggja um brattari svæði. Framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðisins eru fyrst og fremst utan hins friðlýsta svæðis. Staðsetning á skiltum verði við hliðið en salerni neðan við núvarandi nestisstað þar sem það verður ekki eins áberandi.

Núverandi bílastæði verði nýtt fyrir snúningshaus og stæði fyrir 3 rútur en 24 bílastæði fyrir einkabíla verði meðfram núverandi aðkomu.

### 2.2 Salerni

Á öllum stöðunum skal koma upp salernum í tengslum við bílastæði og megin aðkomu.

Salernishús skal vera að hámarki 15m<sup>2</sup> að stærð og hámarkshæð í mæni 3,5m. Gert er ráð fyrir möguleika á annað hvort safntanki sem yrði staðsettur undir salernishúsi eða rotþró með síðubeði sem skal komið fyrir í min 30m fjarlægð frá salernishúsi. Frágangur, á safntaki, gerð rotþróa og frárennslislanga og nákvæm staðsetning skal vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit

Suðurlands og vera skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Safntankur/rotþró skal tæma í samræmi við reglur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

## 2.3 Gönguleiðir


Almenn sjónarmið við byggingu stíga er að:

- tryggja sem best öryggi göngufólks
- sem minnst spjöll verði á gróðri og jarðmyndunum
- stígar fari vel í landi og verði aðstandendum til sóma
- notað verði efni á staðnum eftir því sem unnt er
- viðhald verði sem minnst.

Leggja skal áherslu á aðgengi fyrir alla, m.a. með því að stígar verði skilgreindir með þjöppuðu malarýfirborði og nægilega breiðir fyrir hjólastóla. Í bröttum hliðum þarf víða að setja þrep og skábrautir sem eru mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað. Um er að ræða timburþrep eða stök steinþrep til að styðja við jarðveg, eða hlaðin steinþrep í tröppustíg. Skábrautir skulu vera út timbri eða hellulagðar. Við gerð göngustíga á svæðinu skal nýta efsta jarðvegslagið í yfirborðsfrágang á öxlum. Við uppgræðslu á svæðum sem hefur verið raskað skal sá með fræblöndum sem safnað skal af svæðinu.

Malarstíga skal vinna á eftirfarandi hátt: Tekið er upp að jafnaði 30 sm af jarðvegi og uppúrtektin síðan notað við frágang á öxlum. Taka skal efsta svörðinn til hliðar og nota við lokafrágang. Allt efni uppúrtektar skal nýtt til aðlögunar á jöðrum. Það efni sem nýtist ekki beint í axlir á staðnum skal nota í fyllingar á lægðum og dældum undir malarfyllingar undir stíg og í lengri fláa. Lega stíga er leiðbeinandi á uppdrætti og skal staðsetja í landið í samráði við umsjónaraðila svæðisins.

**Malargöngustígur** með góðu þjöppuðu yfirborðsefni, 1,2 - 2,0 m breiðir.



Kennisnið í malargöngustíg.

**Malarslóði** – Stígar markaðir með malarlagi sem verði jafnað yfir grassvörðinn og því er ekki um hefðbundin jarðvegsskipti að ræða. Breidd malarslóða annars vegar 1,2-2 m.

**Stikuð gönguleið** – Stikuð gönguleið. Gönguleið merkt með stikum sem standa um 50 sm upp úr landi og verði í jarðlitum.



## 2.4 Útsýnispallar og búnaður

**Útsýnispallar** – Tillagan gerir ráð fyrir að á fjórum stöðum verði útsýnispallar við Fjaðrárgljúfur og einum stað við áningarstað í Eldhrauni.

Staðirnir hafa það sameiginlegt að vera:

- Góðir útsýnisstaðir.
- Mikið sóttir af ferðamönnum.
- Áberandi troðnir.
- Hættulegir.

Ekki liggur fyrir endanleg hönnun á útsýnispöllum en áhersla verður lögð á að þeir verði sem minnst áberandi í umhverfinu og uppsetning þeirra verði á stöðum sem komin eru að þolmörkum vegna ágangs. Handrið verði 1,2 m hátt og hliðar lokaðar af með galvaníseruðum vírnettsplötum eða plexigleri. Áberandi slitfletir við útsýnisstaði verða lagfærðir með upprunagróðri. Endanleg staðsetning á útsýnispöllum verður ákveðin á vettvangi.

**Varnargirðingar.** Í tengslum við útsýnisstaðin verður komið fyrir 60sm háum varnargirðingum til lokunar á slóðum að hættulegum stöðum við gljúfurbrúnir.

**Upplýsingarskilti.** Við bílastæði og á útsýnispöllum skal koma fyrir upplýsingaskiltum þar sem fram kemur staðsetning gönguleiðir á svæðinu og upplýsingar um náttúru og sögu. Ennfremur umgengisreglur og aðvörunarorð.

**Ruslafötur.** Koma skal fyrir ruslafötum við salernishús og bílastæði og losa þær reglulega.



Dæmi um útfærslu á útsýnispalli á mótis við fossinn



Dæmi um útfærslu á útsýnispalli við neðri hluta gljúfranna.

### **3.0 AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA**

#### **3.1 Auglýsingatími**

Tillagan verður auglýst frá xxx til xxx 2013.

#### **3.2 Athugasemdir og afgreiðsla þeirra eftir auglýsingu**

Verður bætt við eftir auglýsingu

### **4. UMHVERFISÁHRIF**

---

Einn megin tilgangur t deiliskipulags á fjórum ferðamannastöðum í Skaftárhreppi er að vernda náttúruperlur Skaftárhrepps. Deiliskipulagið tekur tillit til umhverfisverndarsjónarmiða um að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi. Bætt aðstaða og stýring á umferð um svæðin bætir umgengni og kemur í veg fyrir skemmdir á gróðri og jarðmyndunum. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum skv. viðauka 2 í lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 106/2000.

Markmið deiliskipulagsins er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi og er ekki talið hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Tillagan hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem aðgengi og öryggismál batna og aukinn fjöldi ferðamanna mun heimsækja þá vegna aukinnar þjónustu á þeim.

## 5. HEIMILDASKRÁ

---

1. Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.
2. Ferðamálastofa, Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Umhverfisstofnun 2011. Öryggi á ferðamannastöðum. Stefna til 2015-drög.
3. Heimasíða Skaftárhrepps, [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is)
4. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
5. Lög um náttúruvernd nr.44/1999.
6. Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
7. Skipulagslög nr. 123/2010.
8. Þjóðminjalög nr 107/2001.